

## Viðveruuppgjör eftir 5 og 10 kennsluvikur

### 1 TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

Þetta vinnuferli tryggir eftirlit með skólasókn nemenda eftir að 5 og 10 vikur eru liðnar af önninni og upplýsir foreldra/forráðamenn ólögráða nemenda um skólasókn þeirra. Markmiðið er að finna úrræði fyrir nemendur svo að þeir bæti mætingu sína.

Vinnuferlið gildir um eftirlit með viðveru allra nemenda skólans.

### 2 ÁBYRGÐ

**Kennarar** bera ábyrgð á að viðvera, mæting og fjarvistir, sé rétt skráð í Innu.

**Skólaritari og skrifstofustjóri** bera ábyrgð á að vottorð og leyfi séu rétt skráð í Innu.

**Skrifstofustjóri** ber ábyrgð á framkvæmd uppgjörins.

**Nemendaverndarráð** ber ábyrgð á viðtölum við nemendur í áhættuhópi.

### 3 FRAMKVÆMD

| Inntak   | Aðgerð  | Ábyrgð            | Nánar  |
|--|---|-------------------|--|
|  | Kennarar skrá mætingu og fjarvistir í Innu  | Kennarar          | Sjá vinnulýsingu VL-0013   |
| Fjarvistaryfirlit í Innu. Sjá vinnulýsingu VL-0011   | Fjarvistaryfirlit nemenda undir 90% mætingu sótt í Innu og vistað hjá stjórnendum 2.4.2 | Skrifstofustjóri  | Skrifstofustjóri minnir kennara á að ljúka skráningu                           |
| Yfirlitsskjal úr Innu. Stjórnendur 2.4.2 Sjá VL-0011 | Nemendur sem eru undir 90% í mætingu fá sent yfirlit um ástundun í gegnum Innu.         | Skrifstofustjóri  | Foreldrar og forráðamenn ólögráða nemenda fá afrit                             |
| Yfirlitsskjal úr Innu. Stjórnendur 2.4.2 Sjá VL-0011 | Nemendaverndarráð fer yfir skjalið  | Nemendaverndarráð | Nemendaverndarráð tekur saman lista yfir áhættuhóp, þ.e. þá nemendur sem eru í |

## Viðveruuppgjör eftir 5 og 10 kennsluvikur

---

| Inntak      | Aðgerð                                     | Ábyrgð            | Nánar  |
|-------------|--|-------------------|--|
|             |  |                   | hættu við að falla úr skóla                          |
| Áhættuhópur | Nemendur í áhættuhópi kallaðir til viðtals | Nemendaverndarráð | Nemendur koma í viðtal til stjórnenda eða stoðteymis |

### 4 TILVÍSANIR

VL-0011 Sækja fjarvistaryfirlit í Innu

VL-0013 Staðfesta viðveru í Innu

Stjórnendur 2.4.2 Fjarvistir

Skólareglur um viðveru má sjá á heimasíðu MA

### 5 BREYTINGAR